

Ekki skilað úr nefnd

6 - 15.1 Tillaga frá Vinnuumhverfisnefnd um áframhaldandi starf

Gerð er tillaga um að áfram verði starfandi fastanefnd um vinnuumhverfismál á vegum KÍ sem heyrir undir stjórn sambandsins og er fag- og starfsnefnd hennar og aðildarfélaga KÍ í vinnuumhverfismálum.

- Hlutverk nefndarinnar er meðal annars að fylgja eftir og þróa stefnu KÍ í vinnuumhverfismálum, skipuleggja ráðgjöf, fræðslu og upplýsingagjöf til félagsmanna um vinnuumhverfismál, sálfélagslega álagspætti í vinnuumhverfinu og samskipti á vinnustað.
- Starfsmaður KÍ í vinnuumhverfismálum er samstarfsmaður nefndarinnar.
- Stjórn KÍ, í samstarfi við stjórnir félaga, tilnefnir formann og fjóra aðra fulltrúa í nefndina í upphafi hvers kjörtímabils.
- Gert verði ráð fyrir fjármunum til vinnuumhverfismála í fjárhagsáætlun KÍ á hverju kjörtímabili með hliðsjón af stefnu og verkefnum á þessu sviði.

Greinargerð:

Mikið hefur áunnist í að auka bæði áhuga og skilning félagsmanna á mikilvægi góðs starfs- umhverfis og áhrifa þess á heilsu, líðan, starfsánægju og sjálfsmynd. Afar mikilvægt er að efla enn frekar fræðslu og umræðu meðal stéttarinnar um vinnuumhverfismál og vinna að því að þau verði hluti af daglegu starfi og stefnumótun skóla með það að markmiði að bæta heilsu, auka vellíðan og koma í veg fyrir veikindi, kulnun eða ótímabært brotthvarf úr starfi. Viðbrögð við því sem gert hefur verið á þessu sviði á liðnu kjörtímabili hafa verið mjög jákvæð. Bæði trúnaðarmenn, kennarar og stjórnendur hafa sagt að fræðslan hafi verið bæði góð og þörf ásamt því að komið hafa fram ábendingar um frekari fræðslu. Starfsemi innan sambandsins um málefni tengd vinnuumhverfinu hefur eflst, t.d. með þátttöku nefndarinnar í fundarherferðum KÍ og samstarfi nefndarinnar við siðaráð og jafnréttisnefnd. Einnig hefur ýmislegt áunnist í samstarfi við bæði innlenda og erlenda aðila varðandi málaflokkinn. Þannig er KÍ í samstarfi við norrænu kennarasamtökin um vinnuumhverfismál og hefur haft samskipti við t.d. Vinnueftirlitið og ráðuneytin um málefni félagsmanna KÍ á þessu sviði. Nefndin telur því nauðsynlegt að á næsta kjörtímabili verði áfram unnið að þessu starfi og vonast til að geta eflt þennan málaflokk enn frekar með velferð stéttarinnar að leiðarljósi.